

Reykjavík, 10. desember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 (204. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér fjölmargar breytingar á tekjuskattslögum.*

Heilt yfir fagnar Viðskiptaráð frumvarpi þessu enda verið með því að afnema ákveðna tæknilega þröskulda í skattkerfinu sem Viðskiptaráð og fjölmargir aðrir hafa ítrekað lagt til að verði færðir til betri vegar. Má þar einna helst nefna svokallaða 20/50 reglu, sbr. 4., 12. og 13. gr. frumvarpsins, en annmarkar þeirrar reglu eru reifaðir ágætlega í greinargerð þess og umsögn skrifstofu opinberra fjármála. Þá má tiltaka breytingu 1., 5.-8. gr. og 14. gr. frumvarpsins, er varðar skattlagningu afleiðuviðskipta, en jákvæðu þættir þeirrar breytingar eru tíundaðir í [umsögn Kauphallarinnar](#) við frumvarpið.


Auk ofangreinds telur Viðskiptaráð það heppilega nálgun að miða nýjar milliverðlagsreglur við reglur OECD í stað þess að innleiða séríslensk viðmið. Skýrar og gagnsæar reglur sem byggja á alþjóðlegum tilmælum eru bæði til hagsbóta fyrir fyrirtækin m.t.t. samkeppnissjónarmiða og minni hættu á tvískattlagningu sem og fyrir ríkið m.t.t. sjónarmiða um skattasniðgöngu. Hér skiptir miklu að reglugerð ráðherra endurspegli þessar áherslur og opni ekki á túlkun sem samræmist ekki alþjóðlegri framkvæmd. Eins er mjög mikilvægt að ráðuneytið og ríkisskattstjóri vinni, í nánu samstarfi við atvinnulífið, skýrar leiðbeiningar til að auðvelda fyrirtækjum að fylgja reglunum eftir og einfalda þar með vinnu skattyfirvalda.

Hvað varðar 2. gr. frumvarpsins þá er unnt að taka undir þau sjónarmið að þegar um lögbundin verkefni er að ræða geti verið eðlilegt að undanskilja aðila sem sinna slíkum verkefnum tekjuskattsskyldu. Það hlýtur þó að skoðast hverju sinni hvort umrædd verkefni séu í raun á samkeppnismarkaði enda myndi slíkur aðstöðumunur skapa samkeppnishindranir og þar koma þar með niður á neytendum. Því er ekki beint til að dreifa í því tilviki sem hér um ræðir. Þó er vert að halda því til haga að undanþága sem þessi hvílir á þeirri forsendu að markvisst eftirlit sé haft með bókhaldslegum aðskilnaði lögbundinna verkefna og verkefna á samkeppnismarkaði. Á þessu var m.a. tæpt í [umsögn Viðskiptaráðs](#) við 178. þingmál sem varðar uppskiptingu á starfsemi OR.

Varðandi ákvæði frumvarpsins um millilandasamruna, sbr. 9. og 10. gr., þá vísar undirritaður til [umsagnar Deloitte](#) en þar er ítarlega farið yfir hvernig ákvæði frumvarpsins samræmist illa niðurstöðum Evrópudómstólsins og eftirlitsstofnunar ESA í málum þar sem reynt hefur á sambærilega skattlagningu. Að lokum er vert að velta upp tilgangi 15. gr. frumvarpsins þ.e. að við álagningu sérstaks fjársýsluskatts skuli ekki tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps. Í umsögn skrifstofu opinberra fjármála við frumvarpið kemur fram að þessi breyting muni ekki leiða til neinna breytinga á afkomu ríkissjóðs. Þá er ljóst af frumvarpinu að ekki var haft samráð við fulltrúa fjármálafrumvarpsins við gerð þess og því alls óvíst hvort breytingin muni hafa áhrif á þau. Hvetur undirritaður nefndina því til að skoða þetta sérstaklega.

*Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur nefndina til að endurskoða 9., 10. og 15. gr. þess.*

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri